

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystum karfa fyrir framleiðslutímabilið 8. júní til 31. desember 1976.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, vill ráðuneytið hér með staðfesta eftirfarandi verðgrundvöll á frystum karfa fyrir framleiðslutímabilið 8. júní til 31. desember 1976:

Karfi	Ísl. kr. á lb. cif.
8 × 7 m/r	109.15
10 × 5 m/r	168.40
Blokk	169.80

Verðbil verður ekkert.

Greiðslur úr eða í sjóðinn miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði.

Komi til framleiðslu á öðrum pakkastærðum, skulu þær miðast hlutfallslega við þá pakkningu, sem skyldust er af ofangreindum, þegar framleiðsla hefst.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. júní 1976.

F. h. r.

Þórður Ásgeirsson.

Gylfi Þórðarson.

Nr. 240.

8. júní 1976.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Framtakssjóð Vélskólanema, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 8. júní 1976.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Framtakssjóð Vélskólanema.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Framtakssjóður Vélskólanema. Stofnendur eru nemendur Vélskóla Íslands útskrifaðir árið 1966.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 80 000.00 og er óskerðanlegt. Tekjur sjóðsins eru: Vextir af peningum og verðbréfum hans, gjafir og áheit, sala á minningarkortum og annað, er sjóðnum kann að áskotnast.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum og skulu þeir kosnir af Skólaráði Vélskóla Íslands. Kosning skal fara fram árlega.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins, er að styrkja nemendur Vélskóla Íslands til náms og rannsóknarstarfa. Skal árlega veita einum nemanda, sem sýnt hefur sérstaka ástundun og samvirkusemi, viðurkenningu.

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins skal ávaxta á sparisjóðsbók í Sparisjóði Vélstjóra.

6. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulagsskrána, nöfn og heimilisföng þeirra sem styrk fá og allar greiðslur, er sjóðurinn lætur af hendi. Einnig skulu allar tekjur og framlög færð í hana á sama hátt. Einnig ársreikninga og skulu þeir undirritaðir af stjórn sjóðsins og endurskoðendum.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu reikningar endurskoðaðir af endurskoðendum, sem kosnir eru af Skólaráði Vélskólans.

8. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari, ef ástæða þykir til, en einungis með samþykki allra stjórnarmeðlima.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og þeim breytingum er gerðar kunna að verða á henni skv. 8. gr.

Nr. 241.

REIKNINGUR

Gullbrúðkaupssjóðs Bjarna amtmanns Þorsteinssonar og frú Þórunnar Hannesdóttur árið 1975.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1975.

Tekjur :

Vextir af bankainnstæðum	kr. 17 768.00
	<hr/>
	Kr. 17 768.00

Gjöld :

Tekjur umfram gjöld	kr. 17 768.00
	<hr/>
	Kr. 17 768.00

Efnahagsreikningur pr. 31. des. 1975.

Eignir :

Bankainnstæður	kr. 154 439.00
	<hr/>
	Kr. 154 439.00

Skuldir :

Höfuðstólsreikningur :	
Hrein eign pr. 1. jan. 1975	kr. 136 671.00
Hreinar tekjur árið 1975	— 17 768.00
	<hr/>
	kr. 154 439.00
	<hr/>
	Kr. 154 439.00

Samgönguráðuneytið, 26. mars 1976.

Brynjólfr Ingólfsson.